

Fundarstjóri, virðulega samkoma.

Störf ritstjórnar gengu ágætlega á árinu.

Er ný ritstjórn tók við störfum í febrúar var stefnt á að koma út tveimur blöðum á árinu 2006 þar sem ekki hafa verið gefin út tvö tölublöð á einu ári síðan 2002.

Gefið var út tölublað í júní á síðasta ári þar sem þemað var *nýjar leiðir í affreyningu og fjölmiðlum*. Þá var stefnt á að gefa út jólablað í desember en því miður náðist ekki að gefa það út fyrr en í janúar síðastliðnum. Þema seinna blaðsins var *rafræn þjónusta hins opinbera*. Fyrra blaðið var um 40 blaðsíður að lengd en það síðara um 50 síður.

Ég vil nota tækifærið og þakka þeim fjölmörgu greinarhöfundum sem skrifuðu í þessi blöð.

Þar sem lögð var áhersla á að gefa út tvö tölublöð á árinu gafst lítil tími til að afla og skrifa greinar fyrir vef Ský. Ljóst er, þar sem ritstjórnarmeðlimir eru í þessu af áhuga einum saman, þarf að vera með mjög skýran fókus, þ.e. hvort leggja eigi megin áherslu á útgáfu Tölvumála og gefa út tvö blöð á ári eða gefa út eitt blað og koma meira af efni á vefinn. Einnig þarf að meta vel útgáfutíma til að fyrirtæki líti á Tölvumál sem góðan auglýsingakost.

Undirritaður hefur ákveðið að láta af störfum í ritstjórn vegna anna en það hefur verið mjög góður og gagnlegur tími að starfa í Tölvumálum frá árinu 2003 og sem ritstjóri starfsárið sem er að líða. Því er það verkefni nýrrar ritstjórnar að ákveða hvort lögð verði megin áhersla á blaðaútgáfu, vefinn eða hvort tveggja á komandi starfsári.

Ritstjórn starfsársins var skipuð Guðmundi Pálssyni, Hákonni Davíð Halldórssyni, Jóni Heiðari Þorsteinssyni, Þorvarði Kára Ólafssyni og undirrituðum. Þrír ritstjórnarmanna eru frá fyrirtækjum í upplýsingatækni, einn er úr bankageiranum og einn úr opinbera geiranum. Ágæt blanda að mínu mati og frekar breið þekking sem er afar mikilvægt.

Ritstjórnin hélt 13 fundi á árinu þar sem dömurnar á skrifstofunni, þær Hólmfríður og Sóley, sátu með okkur í efnisvinnu.

Ég vil þakka félögum mínum í ritstjórninni, sem og þeim Hólmsfríði og Sóleyju, fyrir skemmtilegt og gott samstarf.

Þá vil ég þakka stjórnarmönnum í Ský fyrir ánægjulegt samstarf á árinu.

Einnig vil ég þakka sérstaklega Einari H. Reynis, fyrrum ritstjóra og stjórnarmanni í Ský, fyrir fréttaskrif á vef Ský – einkar óeigingjart starf sem hann hefur sinnt mjög vel.

Skýrslutæknifélag Íslands er afar öflugt og nauðsynlegt félag í íslensku samfélagi og Tölvumál mikilvægur hluti þess en um er að ræða eina óháða fagtímaritið um upplýsingatækni hér á landi. Þannig getur Tölvumál áfram verið liður í að styrkja Ský um málefnalega umræðu um upplýsingatækni og í rauninni þarf að ná betri árangri að vekja áhuga fjölmiðlafólks á blaðinu.

Ég óska Þorvarði Kára Ólafssyni, sem hefur ákveðið að bjóða sig fram sem ritstjóra Tölvumála, og nýrri ritstjórn velfarnaðar á nýju starfsári. Um er að ræða sterkan hóp sem mun halda merkjum Tölvumála vel á lofti.

Takk fyrir.